

Sveitarfélagið Ölfus  
b/t Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 29. september 2020  
UST202009-052/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Dimmustaðir- Sveitarfélagið Ölfus**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 4. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Dimmustaði í Sveitarfélaginu Ölfus.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að skipta svæðinu, sem er 2,5 ha að stærð, upp í fjórar lóðir fyrir íbúðarhús og ásamt gestahúsi og bílskúr.

Auk þess kemur fram að skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið á túni og akurlendi.


Einnig kemur fram að svæðið er á svonefndum Hellisheiðarhraunum sem fellur undir sérstaka vernd jarðminja skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en eldhraunið á svæðinu er uppgróði og því ekki sýnilegt.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur